

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 225/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/679 frá 23. mars 2023 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir píridaben, píridat, píriproxýfen og triklópýr í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/710 frá 30. mars 2023 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir brómóprópýlat, klórídasón, fenprópímorf, ímasakín og tralkoxýdím í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/612 frá 17. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 307/2012 að því er varðar tilteknar málsmeðferðarreglur við mat Sambandsins á öryggi efna eða efnahópa sem eru í athugun ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/652 frá 20. mars 2023 um leyfi til að setja á markað ristaða og poppaða kjarna úr fræi *Euryale ferox* Salisb. (makhana) sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/667 frá 22. mars 2023 um leyfi til að setja á markað þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium indicum* L. sem

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 86, 24.3.2023, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 93, 31.3.2023, bls. 57.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 80, 20.3.2023, bls. 89.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 81, 21.3.2023, bls. 23.

hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁵⁾.

- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):
 - „– **32023 R 0679**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/679 frá 23. mars 2023 (Stjtið. ESB L 86, 24.3.2023, bls. 6),
 - **32023 R 0710**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/710 frá 30. mars 2023 (Stjtið. ESB L 93, 31.3.2023, bls. 57).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzzzn (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012):
 - „– **32023 R 0612**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/612 frá 17. mars 202 (Stjtið. ESB L 80, 20.3.2023, bls. 89).“
3. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):
 - „– **32023 R 0652**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/652 frá 20. mars 2023 (Stjtið. ESB L 81, 21.3.2023, bls. 23),
 - **32023 R 0667**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/667 frá 22. mars 2023 (Stjtið. ESB L 84, 23.3.2023, bls. 3).“
4. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 223. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/948):

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 84, 23.3.2023, bls. 3.

„224. **32023 R 0652**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/652 frá 20. mars 2023 um leyfi til að setja á markað ristaða og poppaða kjarna úr fræi *Euryale ferox* Salisb. (makhana) sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 81, 21.3.2023, bls. 23).

225. **32023 R 0667**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/667 frá 22. mars 2023 um leyfi til að setja á markað þurrkaðar hnetur af tegundinni *Canarium indicum* L. sem hefðbundin matvæli frá þriðja landi og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 84, 23.3.2023, bls. 3).“

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2023/679 og (ESB) 2023/710 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/612, (ESB) 2023/652 og (ESB) 2023/667, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.